

20. gr.

20.1. Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

20.2. Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

22.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal skipa í tóbaksvarnanefnd sem annast skal tóbaksvarnastarf skv. lögum nr. 27/1977 og undirbúning að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerð skv. 2. mgr. 6. gr., um merkingar á tóbaki, skal samin þegar í stað og öðlast gildi um leið og lögin.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við a-lið 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.